



ÍST EN IS 14001 – Umhverfisstjórnunarkerfi – Kröfur ásamt leiðsögn um notkun

Þýðing á staðli

Beiðni um þátttöku við fjármögnun

ÍST EN ISO 14001:2015 – Umhverfisstjórnunarkerfi – Kröfur ásamt leiðbeiningum um notkun er komin í mikla dreifingu á Íslandi og fjöldi fyrirtækja fengið vottun á umhverfisstjórnunarkerfi. Staðallinn er eingöngu fánlegur á ensku en sé tekið mið af þeim fjölda sem hafa innleitt umhverfisstjórnunarkerfi teljum við hjá Staðlaráði Íslands að grundvöllur sé nú fyrir því að láta þýða staðalinn. Vert er að nefna að staðallinn hefur farið í gegnum endur staðfestingu og gildir því til ársins 2026 óbreyttur.

Allar þýðingar sem fara fram á vettvangi Staðlaráðs eru fjármagnaðar sérstaklega af hagsmunaaðilum og leitum við því til þeirra að taka þátt í fjármögnun á þýðingunni. Þeirra framlagi verður gerð góð skil í staðlinum ásamt því að eintak af þýddum staðli fer til allra fjármögnunaraðila.

Það er einlæg von okkar að þitt fyrirtæki/stofnun sjái sér fært að taka þátt í þessu verkefni með okkur. Þýddur staðall mun vera til mikilla hagsbóta og auðvelda notkun hans til muna. Heildarkostnaður við verkefnið er 4.000.000 króna og leitum við því til fjölda aðila að taka þátt svo kostnaður megi dreifast sem víðast.

Til upplýsing má benda á eftirfarandi atriði er varða þennan staðal:

- byggir á samræmdum kjarna alþjóðlegra stjórnunarstaðla, eins og ÍST EN ISO 9001, ISO 55000 og ÍST EN ISO/IEC 27001,
- auðveldar innleiðingu umhverfisstjórnunar í íslensku atvinnulífi,
- leggur grunn að samræmdri hugtakanotkun á fagsviðinu,
- leggur grunn að umhverfisstjórnun sem „sérfræðigrein“ í íslensku atvinnulífi,
- einfaldar fræðslu og uppbyggingu samræmdrar þekkingar á umhverfisstjórnun.

Þeir sem áhuga hafa á að taka þátt geta sett sig í sambandi við Hauk Loga Jóhannsson, verkefnastjóra hjá Staðlaráði Íslands á netfangið haukur@stadlar.is

Þýðing staðalsins getur eingöngu orðið að veruleika ef tekst að finna fjármagn hjá hagsmunaaðilum.



Upphæð styrks sem við leitum eftir fer eftir stærð fyrirtækja sem við leitum til en eru þó bara til viðmiðunar. Framlög eru að öðrum kosti frjáls.

Stærð fyrirtækis	Fjöldi starfsmanna	Upphæð styrks
Lítill	1 - 50	100.000 kr.
Meðalstór	51 - 100	200.000 kr.
Stór	101+	300.000 kr.